

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 140

Febrúar 2018

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 27. febrúar 2018 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum verða sýndar nokkrar stuttar kvikmyndir úr ferðum frá árdögum félagsins, auk stuttmyndar frá vorferð 2017.

ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 27. febrúar 2018 kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur hafa borist)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

GAMLAR OG NÝJAR KVIKMYNDIR Á AÐALFUNDI

Eftir hefðbundin aðalfundastörf verða sýndar bæði gamlar og nýjar kvikmyndir. Fyrstu myndirnar eru eftir Árna Stefánsson um prófun á fyrsta vélsleðanum á Rauðavatni og ferðalag um páskana 1946 að Hvítárvatni og í Kerlingarfjöll. Þar á eftir eru myndir sem Árni Kjartansson tók í vorferðinni 1955 þegar skálinn í Jökulheimum var reistur. Farið var um Hófsvað með allt skálaefnið, snjóbíla og búnað í jöklaferðina. Í sömu ferð fór hópurinn í góðu veðri á Grímsfjall og í Kverkfjöll á Gusa, snjóbíl Guðmundar Jónassonar. Síðast í flokki eldri mynda eru af ferð um Hófsvað í Veiðivötn upp úr 1950 þar sem meðal annars kemur við sögu vatnajeppi sem þeir sigldu á um Veiðivötn. Þessa mynd tók Sören Sörenson.

Í lokin kemur svo ný stuttmynd Kötlu Sigríðar Líndal um vorferð félagsins í júní 2017. Katla leggur stund á kvikmyndafræði við Háskóla Íslands og var þetta hennar fyrsta jöklaferð.

GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jöklarannsóknafélagsins, eru á allra færi og verða nú jafnaði farnar annan hvern **priðjudag** kl. 17:30. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson og Þóra Karlsdóttir. Dagskráin fram á haust er hér að neðan.

<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
6. mars	Kópavogsdalur	Digraneskirkja
20. mars	Laugardalur	Áskirkja
3. apríl	Elliðaárdalur	Rafveituheimilið
17. apríl	Hvaleyrarvatn	N1 Hafnarfirði
1. maí	Húsfell/Kaldársel	N1 Hafnarfirði
15. maí	Búrfellsgjá	Heiðmörk
29. maí	Helgufoss	Shell Select
12. júní	Mosfell	Shell Select
Sumarfrí		
21. ágúst	Tröllafoss	Shell Select
4. sept.	Hafnarfjörður	N1 Hafnarfirði

KÚNSTIR NÁTTÚRUNNAR OG GRÍMSVATNAGRALLARI

Á aðalfundi JÖRFÍ verða sem fyrr til sölu „[Kúnstir náttúrunnar](#)”, tveggja diska safn söngva og myndefnis sem tengist Sigurði Þórarinssyni (kr. 4.000,-), og „[Grímsvatnagrallari](#)“, endurprentað hefti með sönglögum jöklamanna og nýjum formála (kr. 2.000,-). Á fundinum verður einungis hægt að greiða með reiðufé. Frekari upplýsingar eru á vef félagsins: „<http://jorfi.is>”.

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2017

Alls hafa borist upplýsingar frá 25 sporðamælistöðum haustið 2017 en búast má við nokkrum mæliskýrslum til viðbótar sé óskilað. Gengið verður til smölunar á þeim fljótlega, skili þær sér ekki sjálfar af fjalli við hvatningu með þessum pistli. Af þeim jöklum, sem mælingar eru komnar frá, hoga 20 á meðan 2 ganga fram. Grímslandsjökull stendur í stað en ekki náðist mæling á tveimur stöðum vegna snjóá og fljótandi ísjaka í lóni. Nýjum mælistað var komið fyrir við austanverðan Tindfjallajökul nú í ár og mun Albert Þorbergsson sjá um mælingar þar.

Líkt og áður hefur verið rætt í þessum fréttapistlum og gagnaskýrslum um jöklabreytingar í tímaritinu Jökli, þá valda lón framan við jökulsporða sífellt meiri vandræðum við sporðamælingar. Sporðarnir verða óaðgengilegir vegna lónanna og þau skapa jafnvel hættu. Undanfarið hefur því orðið aukning í því að jöklamælingafólk fái lánaðan fjarlægðarkíki Veðurstofu Íslands til að komast hjá þessum vandkvæðum. Kíkirinn er mikið undrataeki og gerir mælingafólki kleift að mæla fjarlægð, þvert yfir lón, að jökulsporði í allt að kílómeters fjarlægð. Undur kíkisins þóttu slík þegar hann kom fyrst á Veðurstofuna að nafnið galdrakíkirinn festist við hann, þótt galdrar fari líklega almennt ekki vel með vísindum. Af leiðbeiningum sem fylgja honum er augljóst að hann er frekar hannaður til að stilla af mið á fallbyssu eða öðrum vítisvélum heldur en til jöklamælinga. Hann nýtist þó vel til mælinganna og gott til þess að vita að a.m.k. þessu eina eintaki hafi verið fundinn uppbyggilegt hlutverk í vísindum fremur en í hernaði.

Sólheimajökull er einn af þeim jöklum þar sem lón framan við jökulveldur vandræðum við mælingar. Þeir jöklamælingamenn Einar Gunnlaugsson og Gunnlaugur Einarsson fengu því kíkin lánaðan þetta haustið. Þeir lögðust í metnaðarfullt verkefni við að endurvekja gamlar mælilínur framan við miðjan jökulinn og að reyna að fá betri mynd af legu sporðsins heldur en með einni mælilínu sem liggur talsvert til hliðar við miðjan jökulinn. Spennandi verður að sjá niðurstöður þeirra úr þessu átaki.

Bergur Einarsson



Gunnar Sigurðsson, annar mælingamanna Hagafellsjökla, virðir fyrir sér læk sem rennur fram af hraunbrún við Eystri-Hagafellsjökul. Tröllhetta gnæfir yfir í baksýn. Ljósmynd: Einar Ragnar Sigurðsson, 14. október 2017.

VORFERÐ JÖRFÍ 2018

Vorferð Jökларannsóknafélagsins er alla jafna farin í lok maí eða byrjun júní og stendur yfir í um viku, þó stundum hafi verið farið í tveggja vikna ferðir. Hópurinn í ferðinni samanstendur af sjálfboðaliðum úr JÖRFÍ, framhaldsnemum í jarðvísindum, ásamt vísinda- og tæknifólki frá m.a. Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofu Íslands. Fjöldi þátttakenda í ferðinni takmarkast við u.þ.b. 25 manns. Áhugasamir félagsmenn geta sótt um að taka þátt í ferðinni.

Sjöfn Sigsteinsdóttir

SKÁLAGJÖLD 2018

Á fundi stjórnar Jökларannsóknafélagsins 15. janúar síðastliðinn var gjaldskrá fyrir gistingar í skálum félagsins ákveðin. Gjald fyrir félagsmenn helst óbreytt en gjald fyrir utanfélagsmenn hækkar lítillega. Gjaldskráin er sem hér segir:

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	3.500,-	5.000,-
Jökulheimar	3.000,-	4.500,-
Esjufjöll	3.000,-	4.500,-
Aðrir skálar	2.000,-	3.500,-

Tekið er við fyrirspurnum um bókanir í skálana á vef félagsins: ”<http://jorfi.is/>”, en á síðunni er ítarlegar upplýsingar varðandi bókanir og skálana.



Sigketillinn í Öræfajökli sem markar aukinn jarðhita þar samfara aukinni jarðskjálftavirkni. Efri myndin var tekin 18. nóvember 2017, daginn eftir að ketillinn uppgötvaðist. Hann var þá 17 m djúpur og það mótar fyrir sprungum í jöðrum hans. Neðri myndin var tekin 12. febrúar síðastliðinn þegar dýpið er um 20 metrar. Sprungurnar sjást ekki lengur enda virðist ketillinn ekki hafa sigið vikurnar á undan. Ljósmyndir: Magnús Tumi Guðmundsson.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson